

**Nr. 048 / 09 Jóna Eðvalds SF 200*****Skipverji slasast á hendi í vindu***

Skipaskr.nr. 2618  
Smíðaður: Flekkefjord Noregi, 1975, Stál  
Stærð: 1741,5 brl. 543 bt.  
Mesta lengd: 70,67 m Skráð lengd: 66,0 m  
Breidd: 12,0 m Dýpt: 7,6 m  
Vél: Wichmann 3000 kW, 2004  
Fjöldi skipverja:



Jóna Eðvalds ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Lögregluskýrslur  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. nóvember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasoni, Pálma K. Jónssyni og Jóhanni Ársælssyni. Ólafur K. Ármannsson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 11. maí 2009 var Jóna Eðvalds SF 200 við bryggju í Hornarfjarðarhöfn og var verið að undirbúa skipið á veiðar.

Taka átti flotvörpu um borð og var verið að hífa inn grandarana á flotvörputromluna. Skipverji kraup við vinnu sína á þilfarinu bakborðsmegin aftan við tromlukeflið og hrasaði þegar hann stóð upp. Við það lenti hönd hans á milli tromluþilsins og styrktarstoðar undir efraþilfari og festist. Tromlan var á snúningi og fylgdi handleggurinn með þar til hún var stöðvuð en bakka þurfti vindunni til að losa slasaða úr klemmunni.

Í ljós kom að bein í framhluta hægri handleggs voru margbrotinn ásamt því að litlifingur hafði skorist af.

***Við rannsókn kom fram:***

- að samkvæmt mælingu lögreglu á vettvangi var bil á milli tromluþils og styrktarstoðar þrír sentimetrar;
- að slasaði var í vinnuvettlingum með mjög stamt yfirborð og taldi hann vettlinginn hafa orðið til þess að höndin dróst með snúningi tromlunnar. Hann taldi að bilið sé ekki það þröngt að berhentir menn ættu að festast;
- að vettlingnum var kastað eftir slysið en við skoðun RNS á sambærilegum vettlingi kom í ljós að greip og fingur eru lögð þéttum þversum röndum og

eru þær upphleyptar úr mjög stömu sílikoni eða gúmmíi. Rendurnar hafa sérstaklega stamt yfirborð og eykst grip þeirra með auknum þrýstingi;

- að slasaði sagði að kallað hafi verið í sig og hann því staðið upp;
- að strax eftir slysið lokaði vélstjóri þessu bili.

### *Nefndarálit:*

Nefndin telur orsök slyssins megi rekja til slæmrar hönnunar kringum tromluna.

Þá telur nefndin að með áhættumati á vinnusvæðinu hefðu þessir ágallar átt að koma fram og þá verið hægt að gera fyrirbyggjandi aðgerðir.